

Ed.

57. Frumvarp

til laga um sölu á landi Garðakirkju á Álftanesi.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað þann hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, er fellur í hlut heimajarðarinnar við skipti þau, er nú fara fram á áður óskiptu landi jarðarinnar.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, og fylgdi því greinargerð sú, er hér fer á eftir. Hefir verið leitað álits Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, og er álit hans prentað sem fylgiskjal aftan við greinargerðina.

„Eins og kunnugt er, er heppilegt land til ræktunar mjög af skornum skammti til í námunda við Hafnarfjörð. Hinsvegar er áhugi manna svo mikill þar fyrir ræktun, að hvergi nærri er hægt að verða við óskum manna um ræktunarland, þó að útmældir hafi verið í þessu skyni hinir óálitlegustu grjótmelar og jafnvel hraun.

Fyrir því var á bæjarstjórnarfundum hinn 10. nóv. s. l. samþykkt að leita fyrir sér hjá dómsmálaráðuneytinu um sölu á jörðinni Görðum á Álftanesi, eða hluta úr henni, þar sem jörðin er nú undir skiptum og talið er, að allmikið ræktanlegt land, ekki langt frá Hafnarfirði, falli þá í hlut heimajarðarinnar, sem vafasamt þótti, hvort núverandi leiguliði myndi notfæra sér.

Eigi er hægt án lagaheimildar að selja umræddan jarðarhluta, og því er þetta frv. komið fram“.

Fylgiskjal.

Mér undirrituðum hefir verið sent til nmsagnar „Frumvarp til laga um sölu á landi Garðakirkju á Álftanesi“, og er ég fyllilega sammála þeim ástæðum, sem nefndar eru í greinargerð frumvarps þessa fyrir sölu á landi til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Hafnarfjarðarkaupstaður á litið ræktanlegt land, enda eru tún þar eigi talin meira en 35 ha. og garðar 4 ha. Nautgripir eru taldir 70 og uppskera af garðávöxtum um 300 tnr.

Nú er íbúatala í Hafnarfirði 3500, og þyrfti þá til að fullnægja mjólkurþörf bæjarbúa að vera þar um 590 mjólkurkúr, og ef nægilegt ætti að afla af garðávöxtum, mætti það eigi minna vera en 3550 tnr.

Hafnarfjarðarkaupstaður á einna minnst af ræktanlegu landi af öllum kauptúnum landsins. Því er lífsnauðsyn fyrir hann að fá umráð yfir nokkru landi, og er þá næst land Garðakirkju. Mikið af því liggur vel til ræktunar, einkum það, sem liggur næst veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Ég leyfi mér því að mæla eindregið með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Reykjavík, 27. febrúar 1932.

S. Sigurðsson.